

Sandgerði, 1. Febrúar 2024.

Ágæta fyrirtæki.

Það er mér bæði ljúft og skylt að færa ykkur þessa viðurkenningu fyrir einstaklega farsælt og gifturíkt samstarf í gegnum tíðina. Það hafa verið forréttindi að kynna ykkur og þeirri velvild sem þið hafið sýnt okkur og fyrir það verður seint full þakkað.

Núna leggjum við af stað í okkar 29 ár og ætlum að gera víðreist og heimsækja NV horn landsins, Langanes og nærumhverfi. Þar liggur óhemjumagn af rusli sem við ætlum okkur að hreinsa og koma í réttan farveg sem fyrirtæki, stofnanir, íþróttafélög og almenningur getur tekið þátt í. Við ætlum með öll okkar tæki og tól og vera í nokkrar vikur á svæðinu í sumar. Unnið er hörðum höndum núna að setja saman það teymi sem til þarf.

Frá því að Blái herinn byrjaði að hreinsa í náttúru landsins og til dagsins í dag hefur verið hreinsað nærri 1750 tonn af rusli og komið í endurvinnsluferli, yfir 11.000 manns hafa komið í yfir 600 verkefni. Þeirra framlag skiptir tugþúsundum vinnustunda og er ekki sjálfgefið.


Áfram verður haldið á þeirri vegferð sem í upphafi hófst árið 1995 og núna spyrjum við, má bjóða ykkur að vera með í okkar teymi.

Vinsamlegast sendið okkur tölvupóst sem allra fyrst hvort þið viljið vera samferða okkur í ár. póstfangið er [tomas@blaiherinn.is](mailto:tomas@blaiherinn.is)

Með vinsemd og virðingu

Tómas J. Knútsson





# VIÐURKENNING

fyrir samstarf og framlag

Pakklætisvottur fyrir að styðja við starf **Bláa hersins** að hreinsa strendur landsins. Viðurkenninguna hlýtur:

Reykjaneshöfn

Dagsetning:

1. febrúar 2024


Undirskrift:

*Sigrún J. Þurkell*



Blái herinn er stofnaðili World Cleanup Day sem hlaut hópefilsverðlaun Sameinuðu þjóðanna 2023





# CERTIFICATE of Collaboration & Partnership

In appreciation of valuable support for the Blue Army's mission to keep the country's coastlines clean, this certificate is proudly presented to:

Reykjaneshöfn

Date:

February 1st 2024

Signature:

Sigrún J. Gunnarsdóttir



The Blue Army, a co-founder of World Cleanup Day,  
received the 2023 UN SDG Mobilized Action Award

Nothing Beats A Clean Beach – Be A Soldier For The Ocean For The Day